



# SJÁLFSMATSSKÝRSLA ÞINGEYJARSKÓLA

Veturinn 2021-2022  
og veturinn 2022 - 2023

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur.....</b>	<b>2</b>
<b>Um Þingeyjarskóla.....</b>	<b>3</b>
Starfsfólk.....	3
Skólastjóri.....	3
Deildarstjórar og teymisstjórar.....	3
Kennarar og annað starfsfólk.....	3
Nemendur.....	3
<b>Innra mat.....</b>	<b>5</b>
BRAVOLesson.....	5
<b>Matsáætlun.....</b>	<b>7</b>
<b>Niðurstöður.....</b>	<b>8</b>
<b>Umbótaáætlun.....</b>	<b>8</b>

## Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitarstjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37.gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Það er skólum í sjálfsvald sett að velja aðferð til innra mats og um það gilda ákveðin viðmið sem sett eru af ráðuneytinu. Ákveðið var að nota matstækið Bravo sem er sérhannað fyrir íslenska skóla og byggir á bæklingnum Gæðastarf í grunnskólum sem gefin er út af Menntamálastofnun 2018.

Að vinnu við innra mat kemur allt starfsfólks grunnskólans að einhverju leyti, þó er það misjafnt eftir viðfangsefnum.

## Um Þingeyjarskóla

Þingeyjarskóli tók til starfa haustið 2012 eftir sameiningu Haftralækjarskóla, Litlulaugaskóla, leikskólanna Barnaborgar og Krílabæjar. Grunnskólinn starfaði bæði í Litlulaugaskóla og í Haftralækjarskóla til vors 2015 en þá var ákveðið að færa alla starfsemi grunnskólans í húsnæði Haftralækjarskóla og um leið að nota alfarið nafn Þingeyjarskóla.

### Starfsfólk

#### Skólastjóri

Skólastjóri Þingeyjarskóla er Jóhann Rúnar Pálsson.

#### Deildarstjórar og teymisstjórar

Í Þingeyjarskóla eru starfandi grunnskóladeild, tónlistarskóladeild og tvær leikskóladeildir, Barnaborg og Krílabær. Þrjú teymisstjórar eru í grunnskóladeild: Hildur Rós Ragnarsdóttir (unglingastig), Harpa Þorbjörg Hólmgrímsdóttir (miðstig) og Hulda Svanbergsdóttir (yngsta stig) sem er jafnframt staðgengill skólastjóra. Pétur Ingólfsson deildarstjóri tónlistarskóladeilda. Deildarstjóri Barnaborgar er Nanna Marteinsdóttir og deildarstjóri Krílabæjar er Birna Óskarsdóttir.

#### Kennarar og annað starfsfólk

Skólaárið 2021-2022 voru kennslustundir á viku 311 (með almennri-, stuðnings- og sérkennslu og skiptistundum). Stöðugildin skiptust þannig:

- 17 kennarar í 14,5 stöðugildum.
- Sálfræðingur í 0,6 stöðugildi.
- Talmeinafræðingur í 0,6 stöðugildi.
- Stuðningsfulltrúar 2 í 1,8 stöðugildi.
- 4 skólaliðar í 3,3 stöðugildum.
- Húsvörður í 0,6 stöðugildi.
- 3 matráðar í 2,4 stöðugildum.
- Tónlistardeild - tveir kennarar í 2 stöðugildum.
- Leikskóladeildir - 14 starfsmenn í 10.45 stöðugildum.

Skólaárið 2022-2023 voru kennslustundir á viku 317,5 (með almennri-, stuðnings- og sérkennslu og skiptistundum). Stöðugildi skiptust þannig:

- 17 kennarar í 14,41 stöðugildum.
- Sálfræðingur í 0,8 stöðugildi.
- Talmeinafræðingur í 0,8 stöðugildi.
- Stuðningsfulltrúar 3 í 2,1 stöðugildum.
- Húsvörður í 0,6 stöðugildi
- 3 matráðar í 2,4 stöðugildum.
- Tónlistardeild - 2,1 stöðugildi
- Leikskóladeildir - 12 starfsmenn í 9,19 stöðugildum.

#### Nemendur

Við lok skólaárs 2021-2022 voru nemendur skólans 70.

## Sjálfsmatsskýrsla Þingeyjarskóla 2021-2023

- Fjöldi nemenda á yngsta stigi voru 26
- Fjöldi nemenda á miðstig voru 28
- Fjöldi nemenda á unglingastigi voru 18

Við lok skólaárs 2022-2023 voru nemendur skólans 75.

- Fjöldi nemenda á yngsta stigi voru 26
- Fjöldi nemenda á miðstig voru 16
- Fjöldi nemenda á unglingastigi voru 33

## Innra mat

Öllum skólum ber samkvæmt lögum að vinna að innra mati. Þegar Hafralækjarskóli og Litlulaugaskóli voru sameinaðir í eina stofnun var ákveðið að nota mælitækið Gæðagreinar 2 en Hafralækjarskóli hafði notað Gæðagreina 2 sem matstæki í tvö ár fyrir sameiningu og Litlulaugaskóli hafði ekki notað sérstaka aðferð. Gæðagreinar eru þýðing á skoska matskerfinu *How good is our school?*

Eftir að ákveðið var að hafa eina starfsstöð lá skipulegt innra mat niðri. Haustið 2018 var tekinn upp þráðurinn og ákveðið að halda áfram og nota Gæðagreini 2 sem megin mælitæki. Árin 2018 - 2021 var innra mati sinnt að hluta en skýrslur ekki gerðar né heldur umbótaáætlanir. Skólaárið 2021-2022 var byrjað að vinna eftir matskerfinu Bravo. Innramatsnefnd sem skipuð er teymisstjórum hafði umsjón með framkvæmdinni og ákvað að setja saman eina sjálfsmatskýrslu fyrir tvö skólaár 2021-2022 og 2022-2023.

## BRAVOLesson




Mynd af vefsíðu BravoLesson

BravoLesson byggir á bæklingnum Gæðastarf í grunnskólum sem gefin var út af Menntamálastofnun 2018.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á þremur þáttum skólstarfs sem hver um sig skiptist í mismarga kafla.

## Skipulag og framsetning viðmiða um gæðastarf í grunnskólum



Þáttur	Kaflar
Stjórnun og fagleg forysta	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Samvirkni í stefnumótun</li> <li>2. Faglegt samstarf og samræða</li> <li>3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu</li> <li>4. Umbætur og innleiðing breytinga</li> <li>5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir</li> <li>6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting</li> <li>7. Leiðtogaþæfni stórnenda og starfsmanna</li> </ol>
Nám og kennsla	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Inntak og námskrá</li> <li>2. Árangur náms</li> <li>3. Gæði kennslu</li> <li>4. Skipulag náms</li> <li>5. Námsvitund</li> <li>6. Ábyrgð og þátttaka</li> </ol>
Innra mat	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Skipulag</li> <li>2. Framkvæmd</li> <li>3. Umbætur</li> </ol>

(Gæðastarf í grunnskólum, bls 8)

Innan hvers kafla eru mismargar spurningar sem hver um sig er metin með eftirfarandi mælikvarða:

* Framúrskarandi	A - Mjög gott	B - Gott	C - Ábótavant	D - Óviðunandi
Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.	Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Mynd af vefsíðu BravoLesson

## Matsáætlun

### Matsáætlun 2021-2024

<b>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta</b>	2021-2022	2022-2023	2023-2024
1.1 Samvirkni í stefnumótun		X	
1.2 Faglegt samstarf og samræða			X
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	X		
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga		X	
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir		X	
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting			X
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna			X

<b>Svið II - Nám og kennsla</b>	2021-2022	2022-2023	2023-2024
2.1 Inntak og námskrá	X		
2.2 Árangur náms	X		
2.3 Gæði kennslu	X		
2.4 Skipulag náms		X	
2.5 Námsvitund			X
2.6 Ábyrgð og þátttaka			X

<b>Svið III Innra mat</b>	2021-2022	2022-2023	2023-2024
3.1 Skipulag		X	
3.2 Framkvæmd		X	
3.3 Umbætur			X

Byggt á gæðaviðmiðum í grunnskólum frá Menntamálastofnun

<b>Stefna sveitarfélags og skóla</b>	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Markmið Þingeyjarskóla			
Menntastefna sveitarfélagsins		X	
Annað...			



## Niðurstöður

Köflum var ýmist svarað af matsnefnd m.a. með tilliti til kannana sem gerðar voru eða af kennurum og/eða starfsmannahópi.

Þegar niðurstöður lágu fyrir var hver matsþáttur skoðaður og umbótaáætlun gerð fyrir þá þætti sem fengu C-ábótavant eða D-óviðunandi.

Eftirtaldir þættir þurftu ekki umbóta við:

- 2.2 Árangur náms
- 2.3 Gæði kennslu

Þeir þættir sem umbótaáætlun var gerð fyrir voru:

Stjórnun og fagleg forysta

- 1.1 Samvirkni í stefnumótun
- 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
- 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga
- 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nám og kennsla

- 2.1 Inntak og námskrá
- 2.4 Skipulag náms

Innra mat

- 3.1 Skipulag
- 3.2 Framkvæmd

Hver þáttur var skoðaður, skipulögð verkefni sem leitt gætu til úrbóta og ákvarðaðar leiðir til endurmats (sjá meðfylgjandi umbótaáætlun).

## Umbótaáætlun

Hér má nálgast umbótaáætlun:

<https://drive.google.com/file/d/1BYr96E1eITImUy35FdOInMtzVUbQuzpm/view?usp=sharing>